

Fimmtudaginn 17. september 1998.

Nr. 514/1997.

Oddbjörg Sigfúsdóttir

(Gunnar Jónsson hrl.)

gegn

Páli Skúlasyni og

Vátryggingafélagi Íslands hf.

(Hákon Árnason hrl.)

Skaðabætur. Gjaldþrotaskipti. Lögmaður. Vátrygging. Aðild.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 23. desember 1997 og krefst þess, að stefndu verði dæmdir til að greiða sér sam-eiginlega 1.342.034 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt vaxtalög-um nr. 25/1987 frá 14. desember 1996 til greiðsludags. Einnig krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast aðallega staðfestingar héraðsdóms, en til vara lækkunar á kröfum áfrýjanda. Einnig krefjast stefndu málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Svo sem greinir í héraðsdómi, er mál þetta risið af hvarfi muna úr mannláusu húsi á leigulóð í landi Helgafells í Fellahreppi. Húsið var í eigu Bjarna Óskars Pálssonar, en bú hans var tekið til gjaldþrota-skipta 28. júní 1996. Stefndi Páll var skipaður skiptastjóri þrota-búsins. Áfrýjandi átti skuldabréf, út gefið af Bjarna 15. desember 1990, upphaflega að fjárhæð 3.000.000 króna. Var skuldin tryggt með 1. veðrétti í húsinu ásamt lóðarréttindum.

Úlfar Jónsson, varðstjóri í lögreglunni á Egilsstöðum, hringdi 5. september 1996 í stefnda Pál úr lögreglubífi, þegar hann var staddur ásamt þrotamanninum Bjarna við fyrrnefnt hús. Stefndi sagði varðstjóranum, að Bjarni mætti fara inn í húsið og taka þar persónulega muni, ef einhverjir væru, en tók jafnframt fram, að ekki mætti hrófla við húsinu. Lögregluvarðstjórinn hvarf af staðn-um skömmu eftir símtalið án þess að fylgjast frekar með því, hvað Bjarni aðhafðist.

Áfrýjandi heldur því fram, að Bjarni hafi þennan dag eða nóttina

eftir tekið úr húsinu og flutt burt útidyrhurð, eldhússinnréttingu, allar innihurðir, viðarofn o. fl. Reisir áfrýjandi dómkröfur sínar á því, að stefndi Páll hafi brotið gegn skyldum sínum sem skiptastjóri með því að samþykkja, að þrotamaður færi í þetta sinn inn í húsið. Hafi þessi ákvörðun stefnda Páls leitt til tjónsins, sem áfrýjandi krefst bóta fyrir í málinu.

Áfrýjandi tilkynnti lögreglunni á Egilsstöðum um atburðinn 7. september 1996, og var lögregluskýrsla rituð eftir honum 12. sama mánaðar. Hvorki liggur fyrir, að lögregla hafi farið á staðinn og skoðað verksummerki, eftir að áfrýjandi kærði vegna atburðarins, né að skoðunarmaður hafi þá verið kvaddur til. Hins vegar fór áfrýjandi í apríl 1997 fram á, að matsmaður yrði dómkvaddur til að meta skemmdir á húsinu, og skoðaði hann húsið 13. maí 1997.

Bjarni Óskar Pálsson gaf skýrslu hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins 30. maí 1997. Skýrði hann svo frá, að hann hefði í september 1996 farið ásamt Hávarði Ólafssyni í hús það, sem áður er getið. Hefði hann tekið þar girðingarefni, sem lá í stafla utanhúss, „fittings“, rörbúta, hjólabúnað og fjaðrir undan kerru. Auk þess hefði hann tekið stóla, borð og dýnur. Annað hefði hann ekki tekið í þetta sinn. Um það bil tveimur árum áður hefði hann tekið skáphurðir, tvo til þrjá miðstöðvarofna, sem aftengdir höfðu verið löngu áður, og eitthvað af lausum munum, meðal annars föt sín og sæng.

Í lögregluskýrslu, sem tekin var af Hávarði Ólafssyni 29. maí 1997, bar hann, að hann hefði hjálpað Bjarna við að tína laust dót, meðal annars „alls konar pípulagningadót“, inn í gám, sem Hávarður hefði síðan flutt á brott að beiðni Bjarna. Þessar skýrslur Bjarna og Hávarðar voru lagðar fyrir Hæstarétt, en frásagnar þeirra naut ekki við, þegar héraðsdómur var kveðinn upp.

Áðurnefndur lögregluvarðstjóri bar fyrir héraðsdómi, að þegar hann kom á staðinn, hefðu engir aðrir verið þar en Bjarni og Hávarður. Hefðu þeir ekki verið „að taka neitt af fastamunum hússins“, þegar hann kom á vettvang. Varðstjórinn, sem stóð, eins og áður segir, stutt við umrætt sinn, fullyrti einnig, að allir þeir munir, er áfrýjandi saknaði, hefðu þá verið í húsinu.

Hvorki liggja fyrir skýrslur sjónarvotta né önnur gögn því til sönnunar, að þrotamaðurinn Bjarni eða einhver á hans vegum hafi tekið þá muni, sem áfrýjandi krefur stefndu um bætur fyrir. Eru því

ekki komnar fram nægar sönnur fyrir staðhæfingum áfrýjanda um atferli Bjarna umrætt sinn.

Af þessum ástæðum verður staðfest niðurstaða héraðsdóms um sýknu stefnda Páls, en áfrýjandi hefur, eins og áður segir, eingöngu reist kröfu sínar á hendur honum á því, að hann hafi gerst sekur um vanrækslu í starfi með því að veita Bjarna aðgang að húsinu 5. september 1996.

Þar sem stefndi Páll ber samkvæmt framansögðu ekki bótaábyrgð á tjóni áfrýjanda, ber einnig að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms um sýknu stefnda Vátryggingafélags Íslands, en vegna ákvæðis 1. mgr. 95. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 20/1954 hefði verið rétt að vísa kröfu áfrýjanda á hendur félaginu frá dómi, sbr. 1. mgr. 26. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Verður héraðsdómur því staðfestur. Eins og atvikum er háttað, þykir rétt, að aðilar beri hver sinn kostnað af málinu fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Héraðsdómur skal vera óraskaður.

Málkostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 30. september 1997.

Mál þetta var höfðað með stefnu, áritaðri um birtingu, af Hákonni Árnasyni hrl. f. h. stefndu 4. febrúar 1997 til þingfestingar hér fyrir dómi 11. sama mánaðar. Stefnandi málsins er Oddbjörg Sigfúsdóttir, kt. 031044-5539, Hamrafelli 3, Fellabæ, en stefndu eru Páll Skúlason hdl., kt., 300740-2199, Sólvallagötu 41, Reykjavík, og Vátryggingafélag Íslands hf. (VÍS), kt. 690689-2009, Ármúla 3, Reykjavík.

Lögmaður stefnanda er Leó E. Löve hdl., en lögmaður stefndu Hákon Árnason hrl.

Dómkröfur.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði dæmdir óskipt (in solidum) til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð 1.342.034 kr., auk dráttarvaxta samkvæmt 10. gr. og 12. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum frá 14. desember 1996 til greiðsludags. Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefndu að mati dómsins auk virðisaukaskatts.

Málavextir, málsástæður og lagarök.

Stefnandi lýsir málavöxtum svo, að hún hafi verið eigandi verðtryggðs veðskuldabréfs, upphaflega að fjárhæð 3.000.000 kr., út gefins af Bjarna Óskari Pálssyni, kt. 040735-5859, 15. desember 1990, sem var tryggt í eign hans, leigulóð í landi Helgafells í Fellahreppi skv. þinglýstum lóðarleigusamningi, dags. 1. janúar 1989, ásamt íbúðarhúsi og öllum öðrum mannvirkjum, er á þeirri leigulóð eru. Bréfið skyldi greiða upp í einu lagi 1. maí árið 2000. Í veðskuldabréfinu hafi verið ákvæði þess efnis, að skuldin falli öll í gjalddaga án uppsagnar, verði skuldari gjaldþrota.

Bjarni Óskar hafi verið úrskurðaður gjaldþrota í Héraðsdómi Reykjavíkur 28. júní 1996 og stefndi Páll Skúlason verið skipaður skiptastjóri.

Lögmaður stefnanda hafi lýst kröfu fyrir hennar hönd í þrotabúið, að fjárhæð 4.611.598 kr., með bréfi, dags. 19. ágúst 1996, fyrir lok kröfúlýsingarfrests, sem runnið hafi út 9. september s. á. Krafan hafi verið afhent skiptastjóra á fundi, sem lögmaðurinn átti með skiptastjóra og lögmanni Fellahrepps 20. ágúst 1996, en þar hafi verið um það rætt, að stefnandi fengi hina veðsettu eign framselda gegn því að gera ekki frekari kröfur í búið. Þetta hafi verið áréttað á fundi sömu aðila 3. september s. á.

Í júlímánuði 1996 hafi stefnanda borist fregnir af því, að þrotamaður hygðist fjarlægja hina veðsettu eign, sem samsett er úr tveimur íveruhúsum, er hýst höfðu starfsmenn, sem á sínum tíma unnu við að reisa Kröfluvirkjun, og var því flytjanlegt. Staðsetning hússins hafi ekki verið í samræmi við skipulagshugmyndir sveitarstjórnar Fellahrepps, sem gert hafði kröfu um, að það yrði fjarlægt. Hún hafi reynt án árangurs að fá lögreglu til að vernda hið veðsetta gegn hugsanlegu hervirki og því gert stefnda Páli skiptastjóra viðvart og lýst fyrir honum áhyggjum sínum um, að veðið kynni að rýrna fyrir tilverknað þrotamanns, enda hefði húsið ekki verið innsiglað né eftirlit haft með því. Húsið standi utan þéttbýlis, nokkuð úr alfaraleið, en blasi við frá heimili hennar. Stefndi Páll hafi engar varúðarráðstafanir gert, að því er stefnandi viti best.

Fimmtudaginn 5. september 1996 hafi stefnandi séð til mannaferða við Kröfluhúsin og kennt þar þrotamann. Þar hafi verið stór flutningabifreið svo og lögregla. Stefnandi hafi haft samband við lögreglu og fengið þær upplýsingar, að þrotamaður væri þarna á ferð með samþykki skiptastjórans, stefnda Páls. Síðdegis daginn eftir hafi stefnandi séð flutningabifreiðina fara með gám á palli, sem hafi verið í eigu einkahlutafélags, er beri nafn þrotamanns, en stefnandi eigi að hálfu. Gámurinn hafði staðið við húsið. Hafi stefnandi farið að húsinu, þegar þrotamaður var farinn, og þá séð, að búið var að fjarlægja útidyrhúð með umbúnaði, en negla spjald fyrir. Inn

um glugga hafi hún séð, að ýmsar innréttingar höfðu verið fjarlægðar. Hún hafi þegar haft samband við lögmann sinn, sem ritað hafi stefnda Páli bréf, dags. 9. september 1996, þar sem réttur til skaðabóta hafi verið áskilinn úr hendi hans.

Að tilhlutan skiptastjóra hafi farið fram lögreglurannsókn, sem beindist að því að upplýsa, hvaða muni Bjarni Óskar Pálsson hefði tekið úr húsinu og hvort hann hefði framið þar eignaspjöll. Við þá rannsókn hafi komið í ljós, að ýmsar innréttingar og tæki tilheyrandi húsinu hefðu horfið, meðan þrotamaður stóð við.

Á skiptafundi 1. október 1996 hafi verið ákveðið að selja stefnanda hið veðsetta gegn því, að ekki yrðu gerðar frekari kröfur á hendur búinu vegna veðskuldabréfsins. Á þeim fundi hafi lögmaður stefnanda látið bóka eftirfarandi: „F. h. umbj. míns, Oddbjargar Sigfúsdóttur, áskil ég henni bótarétt úr hendi skiptastjóra vegna tjóns, sem hún mun verða fyrir vegna rýrnunar á veði því, er tryggja átti kröfur hennar. Samkvæmt upplýsingum hennar er um að ræða hátt á aðra milljón króna vegna innréttinga og búnaðar í húsinu, sem þrotamaður fjarlægði, eftir að skiptastjóri heimilaði honum að sækja muni í húsið, og vegna þess að skiptastjóri gætti þess ekki, að húsið væri innsiglað. Þá hefur skiptastjóri ekki gætt hagsmuna hlutafélags, sem Oddbjörg á 50% í og þrotamaður 200.000 kr., svo að ljóst er, að hún og búið hefur átt þar meiri hluta, og hafi honum borið að gæta þeirra hagsmuna.“ Skiptastjóri, stefndi Páll, hafi bókað, að hann hafni bótaskyldu.

Eftir að stefnandi hafði fengið hið veðsetta afsalað sér, hafi Fellahreppur leyst til sín lóðarréttindin með greiðslu á 100.000 kr., en um leið hafi stefnandi lofað, að húsið yrði fjarlægt af lóðinni. Stefnandi hafi fengið Baldur Sigfússon til þess að meta verðmæti þeirra spjalla, sem unnin höfðu verið, en hann ásamt öðrum hafði séð um að setja upp innréttingar í húsið. Niðurstaða hans hafi verið á þá leið, að tjónið næmi 1.295.000 kr. að með töldum matskostnaði, 45.000 kr. Fyrir liggi nákvæm lýsing þess, sem fjarlægt hafi verið eða eyðilagt.

Lögmaður stefnanda hafi krafist stefndu um greiðslu samkvæmt álitserðu Baldurs Sigfússonar um fjárhagstjón stefnanda með bréfi, dags. 14. nóvember 1996. Jafnframt hafi verið óskað eftir viðræðum um það, hvernig ljúka mætti málinu án málsóknar. Þegar ekkert svar hafi borist við bréfi þessu, hafi lögmaður stefnanda ritað stefndu að nýju bréf 27. desember 1996 og óskað eftir afstöðu stefndu. Stefndi Páll hafi ekki svarað bréfum þessum, en hið stefnda félag hafi hafnað bótaskyldu með bréfi, dags. 6. janúar 1997. Því hafi stefnandi ekki átt annars kost en höfða mál þetta.

Með bréfi til Héraðsdóms Austurlands, dags. 14. apríl 1997, hafi lögmaður

ur stefnanda óskað eftir dómkvaðningu matsmanns til að meta kostnað við það að koma umræddu húsi í það horf, sem það hafi verið í fyrir heimsókn þrotamanns í september 1996. Héraðsdómur hafi dómkvatt Jón Einarsson húsasmíðameistara til Austurlands, er skilað hafi matsgerð, sem dagsett sé 20. maí s. á. Sundurliðuð niðurstaða hans sé sú, að kostnaður við lagfæringar hússins muni nema 1.342.034 kr., sem stefnandi geri kröfu til, að stefndu verði dæmdir til að greiða henni, enda hafi þeir samþykkt, að krafan kæm-ist að án framhaldsstefnu.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefndi Páll Skúlason sé skiptastjóri í þrotabúi Bjarna Óskars Pálssonar. Skv. lögum um gjaldþrotaskipti nr. 21/1991 sé öll meðferð og ábyrgð á eignum þrotabús lögð á skiptastjóra. Skiptastjóri hafi við bústjórn sína brotið gegn mörgum greinum þeirra laga svo og meginstefnu laganna. Í þessu sambandi sé einkum vísað til ákvæðis í 4. mgr. 77. gr. um skaðabótaskyldu skiptastjóra, ákvæðis 1. mgr. 87. gr. um skyldu hans til að „gera ráðstafanir til að svipta þrotamanninn umráðum eigna eða koma í veg fyrir, að hann fari með þær á óheimilan hátt“, og 2. mgr. 122. gr. um skyldu hans til að gæta þess, „að allar eignir og réttindi þrotabúsins komi fram“.

Stefnandi heldur því fram, að stefndi Páll hafi brotið gegn skyldum sínum sem skiptastjóri, þegar hann samþykkti, að protamaður færi eftirlitslaust í hið veðsetta hús, sem leitt hafi í raun til þess tjóns, er hann vann á eigninni. Með því hafi stefndi Páll bakað sér skaðabótaábyrgð. Tjónið, sem þrotamaður vann á hinu veðsetta, hafi rýrt verðmæti veðs stefnanda, en svo sem sjá megi af fundargerð skiptafundar frá 20. ágúst 1996, hafi legið fyrir, að húsið færðist í eigu stefnanda í því ástandi, sem það var þá, gegn niðurfellingu veðkröfunnar.

Stefnandi bendir á, að ábyrgð stefnda Páls sé sérstaklega rík með tilliti til þess, að líta verði á stöðu hans sem skiptastjóra sem sjálfstætt starfandi sérfræðings. Þegar svo hátti til, hafi viðhorfið verið það í íslenskum rétti, að beitt er strangara sakarmati en almennt gerist. Einnig hnígi rök til þess að snúa við sönnunarbyrði í slíkum tilvikum að mati fræðimanna.

Stefndi Páll Skúlason hdl. hafi lögboðna ábyrgðartryggingu hjá stefnda Vátryggingafélagi Íslands hf. (VÍS), og sé félaginu því stefnt til varna í máli þessu. Hér sé um skyldutryggingu að ræða skv. 2. mgr. 7. gr. laga nr. 61 frá 1942, sbr. lög nr. 24/1995, sem svari til ákvæða umferðarlaga um lögboðna skyldutryggingu eigenda og umráðamanna bifreiða. Því sé stefnanda rétt með vísan til 91. gr. laga nr. 20/1954 að beina kröfum sínum beint gegn stefnda VÍS.

Stefnandi reisir kröfu sína um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun á lögum nr. 50/1988, en lagaskilyrði séu fyrir þeirri kröfu, þar sem hún sé ekki virðisaukaskattsskyld.

Málavextir og málsástæður stefndu.

Stefndu halda því fram, að hús það, sem mál þetta varðar, sé í raun færanlegur hússkrokkur úr timbri, samsettur úr tveim íveruhúsum starfsmanna við byggingu Kröfluvirkjunar. Það hefði staðið autt í nokkur ár, þegar Bjarni Óskar Pálsson var úrskurðaður gjaldþrota.

Miðvikudaginn 4. september 1996 hafi Úlfar Jónsson, lögregluvarðstjóri á Egilsstöðum, hringt í stefnda Pál Skúlason að beiðni Bjarna Óskars til að fá staðfest, að Bjarni mætti fara inn í svonefnt Kröfluhús á Helgafellslandi til að sækja þangað persónulega muni sína. Hafi Páll staðfest það, en tjáð lögreglumanninum, að ekki mætti hrófla við húsinu né taka þaðan annað en persónulega muni Bjarna.

Daginn eftir hafi Bjarni komið á lögreglustöðina á Egilsstöðum og Úlfar lögregluvarðstjóri farið með honum að Kröfluhúsi. Þar hafi verið fyrir Hávarður Ólafsson, bóndi í Fljótakróki í Meðallandi, með vörubíl til að flytja brott gám við húsið í eigu hlutafélagsins Bjarna Ó. Pálssonar. Páli hafi ekkert komið við málefni þess félags og gámurinn gjaldþrotabúi Bjarna óviðkomandi. Parna á staðnum hafi Úlfar lögregluvarðstjóri hringt aftur til Páls í tilefni þess, að Oddbjörg hafði áður hringt til varðstjóra og lýst áhyggjum af mannaferðum við húsið. Tjáði Páll varðstjórann, að ekki mætti hrófla við húsinu, en gámurinn væri eign hlutafélagsins, og gæti Páll hvorki bannað né leyft, að hann væri tekinn. Einnig hafi Páll í þetta sama skipti talað við Bjarna í farsíma Úlfars. Eftir þessi samtöl hafi Páll verið í góðri trú um, að hagsmuna búsins væri vel gætt og ekki yrði hróflað við húsinu, þar sem lögreglan væri á staðnum.

Úlfar Jónsson lögregluvarðstjóri hafi aftur á móti farið af vettvangi til að sinna öðrum verkefnum, áður en Bjarni og Hávarður voru á brott. Bjarni hafi síðan hringt í Úlfar varðstjóra síðdegis daginn eftir, föstudaginn 6. september, og sagst vera á suðurleið, en vörubíllinn með gáminn hefði farið á undan. Hafi Bjarni viljað láta varðstjórann vita, að Oddbjörg hefði lykil að Kröfluhúsi og ekki skilað bústjóra lyklum að húsinu.

Næsta dag, laugardaginn 7. september 1996, hafi Oddbjörg tilkynnt varðstjórann, að Bjarni hefði numið brott útihurðina á Kröfluhúsi svo og viðarofn, eldhússinnréttingu, allar innihurðir, skápahurðir og teppi af gólfum. Í upplýsingaskýrslu sinni segi varðstjórinn, að útidyrhurðin hafi verið á sínum stað og einnig hafi hann séð viðarofninn og eldhússinnréttinguna, þegar hann kom á staðinn 5. september, en þá hafi hann ekki veitt öðru at-
hygli.

Skiptastjóri hafi óskað eftir lögreglurannsókn, eftir að lögmaður stefnanda hafi tilkynnt um brotnám fyrrgreindra muna úr Kröfluhúsi með bréfi 9. sept. 1996. Í bréfinu sé skorað á skiptastjóra að gæta þess, að hlutur verði komið í eðlilegt horf, og áskilinn réttur til skaðabóta úr hendi skiptastjóra. Lögreglurannsókn hafi farið fram og liggi fyrir í málinu. Skiptastjóri hafi nokkrum dögum síðar boðað þrotamann á sinn fund, en hann hafi neitað að hafa tekið nokkur verðmæti í eigu þrotabúsins. Þá hafi Hávarður Ólafsson, bílstjóri og bóndi í Fljótakróki, borið í samtölum við skiptastjóra, að hann hefði ekki orðið þess var, að neitt hefði verið fjarlægð úr Kröfluhúsi.

Að fengnum lögregluskýrslum frá Egilsstöðum hafi skiptastjóri kært þrotamann til RLR fyrir ætlaða töku muna úr Kröfluhúsi í eigu þrotabúsins og gert jafnframt þá kröfu, að verðmætunum yrði skilað aftur. Rannsókn RLR liggi ekki enn fyrir.

13. nóvember 1996 hafi stefnanda verið afsalað umræddu Kröfluhúsi eða Kröfluskúrum á Helgafellstúni. Í afsalinu segi, að eigninni sé afsalað upp í veðkröfu afsalshafa, að fjárhæð 4.611.598 kr., sem falli frá frekari kröfum á hendur þrotabúinu. Stefndi hafi undirritað afsalið til staðfestu og jafnframt kvittað veðskuldabréfið til aflýsingar og að það væri að fullu uppgert.

Stefndi Vátryggingafélag Íslands hf. kveðst reisa sýknukröfu sína í fyrsta lagi á aðildarskorti, en stefndi eigi enga kröfu á hendur félaginu, sbr. 1. mgr. 95. gr. vsl. nr. 20/1954, og H. 1970, 434, þótt stefndi Páll hafi keypt þar starfsábyrgðartryggingu.

Að öðru leyti byggja báðir stefndu á þeirri málástæðu, að ósannað sé, að stefndi Páll hafi sem skiptastjóri valdið stefnanda nokkru tjóni með saknæmum eða ólögmætum hætti. Í fyrsta lagi sé sú staðhæfing stefnanda röng, að stefndi Páll hafi samþykkt, að þrotamaðurinn „færi eftirlitslaust í hið veðsetta hús“ og það hafi leitt til ætlaðs tjóns af völdum þrotamanns á Kröfluhúsi. Þrotamaður hafi ekki farið eftirlitslaus í húsið, heldur í lögreglufylgd. Stefndi Páll hafi einnig tjáð Úlfari Jónssyni lögregluvarðstjóra, að þrotamaður mætti aðeins taka persónulega muni og við engu hrófla í húsinu, þegar hann óskaði leyfis til að fara í Kröfluhús, og þangað hafi varðstjórinn farið með þrotamanni og þeir talað þaðan við stefnda í farsíma lögreglunnar. Stefndi hafi því verið í góðri trú um, að eftirlit með húsinu væri fullnægjandi, meðan þrotamaður var þar, og ekki við stefndu að sakast, þótt lögregluvarðstjórinn hyrfi af staðnum, áður en þrotamaður var á braut.

Þá hefði engu breytt, þótt húsið hefði verið innsiglað, því að eftir sem áður hefði mátt komast þar inn og fjarlægja muni úr því. Ekki sé venja að inn-

sigla hús einstaklings við gjaldprot hans, eins og um glæpavettvang væri að ræða. Í þessu tilviki hafi skiptastjóri síst af öllu mátt vænta þess, að þrotamaður ynni spjöll á húseign þrotabúsins eða fjarlægði þaðan muni, þar sem hann hefði áður leitað til lögreglu og skiptastjóra um leyfi til að fara í húsið og farið þangað í lögreglufylgd. Skiptastjóri hafi fengið staðfestingu þess, að lögregla væri á staðnum, þegar til hans var hringt þaðan, eins og áður er lýst. Því sé fjarstæða að halda því fram, að skiptastjóri hafi sýnt af sér bótaskyld gáleysi með því að leyfa þrotamanni að fara í húsið. Enginn grundvöllur sé því til að fella skaðabótaábyrgð á stefnda Pál skv. sakarreglu.

Í annan stað sé ósannað, að þrotamaður hafi fjarlæggt ætlaða brottnumda hluti, þegar hann fór í húsið umrætt sinn, og ekki heldur sannað, að munirnir séu endanlega glataðir og fáist ekki aftur. Ekki liggi heldur fyrir, að Kröfluhús hafi af þessum sökum rýrnað í verði í þeim mæli, að nokkru hafi skipt um fullnustu veðkröfu stefnanda. Því sé bæði ósannað, að tjón hafi orðið, og einnig, að þrotamaður hafi valdið því. Þrotamaður hafi í samtali við skiptastjóra neitað að hafa tekið verðmæti úr Kröfluhúsi í eigu þrotabúsins, og vörubílstjórinn, Hávarður í Fljótakróki, kvaðst ekki hafa orðið þess var, að annað væri tekið en gámurinn, sem hlutafélagið ætti. Hafi hlutir í eigu þrotabúsins á annað borð verið teknir úr Kröfluhúsi, sé óupplýst, hver hafi gert það eða hvenær. Ekki hafi verið búið í húsinu síðastliðin þrjú ár fyrir gjaldprot Bjarna, og eitt og annað hafi því getað horfið á þeim tíma.

Þá sé með ólíkindum, að stefnandi skuli engan reka hafa gert að því að fá ætlaða brottnumda hluti aftur, t. d. með innsetningargerð hjá Bjarna. Meðan ekki liggi annað fyrir en hlutirnir hafi verið fluttir úr húsinu, sé ósannað, að þeir séu glataðir og tjón hafi orðið. Vanræksla stefnanda um að afstýra þannig ætluðu tjóni sínu felli niður bótarétt hennar, en það sé grundvallarregla í skaðabótarétti, að tjónþola sé skyld að afstýra tjóni eftir föngum.

Enn fremur leiði það til sýknu, að stefnandi, vitandi um ætlað tjón á hínu veðsetta Kröfluhúsi, hafi tekið við því athugasemdalaust og án fyrirvara um fullnustu veðkröfu sinnar og kvittað fyrir greiðslu veðskuldarinnar.

Að endingu sé stefnufjárhæð, 1.342.034 kr., sérstaklega mótmælt sem allt of hári og örökstuddri. Ekki verði séð, að matsgerðin taki tillit til aldurs og notkunar þeirra muna, sem þar séu metnir til verðs. Þess sé ekki heldur getið, hvort við matið hafi verið miðað við sams konar muni og fyrir voru um verð, gerð og gæði, og því síður, hvert hafi verið raunvirði þess, sem fjarlæggt hafði verið úr húsinu. Þá sé ljóst, að ýmsir þeir munir, sem metnir séu, skoðist ekki sem fylgífé með fasteign, t. d. hillur, körfur og gassuðuplata, og verðmæti hennar því óviðkomandi. Enn fremur sé ósannað, að aðrir upptaldir hlutir en útihurð, eldhússinnrétting og viðarofn hafi verið í

húsinu fyrir komu þrotamanns þangað 5. september 1996. Matsgerðin sé því markleysa. Rétt hefði verið að miða matið við verðýrnun eignarinnar við það, að tilgreindir munir voru fjarlægðir.

Varakrafan sé við það miðuð, að stefnukröfur beri að stórlækka, verði ekki fallist á aðalkröfu stefndu um sýknu.

Dráttarvöxtum sé sérstaklega mótmælt frá fyrri tíma en dómsuppsögu-degi og málskostnaðarkröfu stefnanda andmælt með öllu.

Forsendur og niðurstæða.

Við aðalmeðferð málsins gaf stefnandi skýrslu svo og stefndi Páll Skúlason og vitnið Úlfar Jónsson. Verður framburður þeirra rakinn hér á eftir, eins og tilefni þykir.

Stefnandi kvaðst hafa hringt til Páls Skúlasonar, þegar eftir að sveitarstjóri tjáði henni, að Bjarni Óskar Pálsson hefði haft samband við sig og sagst vera gjaldþrota og ætla að sækja húsið. Hafi hún sagt Páli frá þessu og varað hann við þessari hótun. Páll hafi þá sagt henni, að Bjarni færi ekki með húsið. Hún kvaðst hafa talað við sýslufulltrúa, þegar henni bárust þessi tíðindi, en fengið þær upplýsingar hjá honum, að ekkert væri unnt að gera til að koma í veg fyrir brottnáam hússins, nema beiðni kæmi frá skiptastjóra um, að það yrði vaktað. Einnig hafi hún talað við lögreglu í sama tilgangi, en fengið sömu svör. Hún hafi farið fram á við þessa aðila, að fylgst yrði með Bjarna, ef hann kæmi á staðinn. Næst hafi hún haft samband við Pál í tilefni þess, að hún hafi séð mikið af bílum við húsið að morgni 5. september. Páll hafi sagt, að Bjarni væri þar í sínu leyfi í því skyni að taka þar gám. Hún hafi bent Páli á það, að gámurinn væri ekki inni í húsinu, og spurt, hvers vegna leyft væri, að farið væri inn í húsið. Páll hefði sagt, að Bjarni hefði leyfi til að fara inn í húsið til að taka persónulega muni. Í þriðja sinn hafi hún haft samband við Pál og erindið verið að benda honum á, að húsið lægi undir skemmdum eftir það umrót, sem þar hefði orðið, m. a. að innréttingar hefðu verið teknar og útidyrarhurð og spjald sett í staðinn. Hafi hún innt Pál eftir því, hvað hann hygðist gera í málinu. Húsið ætti að verða hennar eign, eftir því sem henni hefði skilist á honum. Hún væri ósátt við þessar skemmdir og hefði kvartað yfir því, að ekkert væri innsiglað. Hún kvaðst hafa fylgst vel með húsinu, enda blasi það við frá heimili sínu, og hefði hún ekki séð til annarra mannaferða en þegar Bjarni kom á staðinn 5. september. Hún hefði reynt að selja húsið og sett á það 1,5 milljónir króna, en 1,3 milljónir gegn staðgreiðslu, en ekki tekist að selja það, þar sem fólk bæri því við, að innréttingar vantaði. Einnig hefði hún átt þess kost að leigja húsið og fengið fyrirspurnir þar að lútandi, en eftir að innréttingar

Þess voru fjarlægðar, væri þess enginn kostur. Hún upplýsti, að húsið væri enn á sama stað, og hefði hún fengið leyfi sveitarstjórnar fyrir því, meðan á sölutilraunum stæði. Hún kvaðst engar ráðstafanir hafa gert til að fá hina brottnumdu muni aftur, það væri í verkahring skiptastjóra. Því hefði hún ekki óskað eftir því við Bjarna Pálsson, að hann skilaði hlutunum aftur.

Páll Skúlason kvaðst hafa fengið vitneskju um húseign þrotamanns við könnun á skattframtali hans í kringum 20. júlí. Hann hafi ekki séð ástæðu til að gera sér ferð austur til að skoða eignina, enda hefði hann fengið upplýsingar um það, að ekki hefði verið búið í húsinu síðastliðin þrjú til fjögur ár og e. t. v. aldrei. Hann hefði ekki heldur talið þörf á því að kanna, hvort þar myndust eignir, sem ekki heyrðu undir veðrétt hússins, enda hefði hann fljótlega eftir það tekið skýrslu af þrotamanni og aflað annarra gagna um eignir búsins. Þegar þrotamaður gaf skýrslu sína, hefði honum verið gerð grein fyrir stöðu sinni sem þrotamanni og áhersla lögð á það, að ekki mætti spilla eignum búsins. Páll upplýsti, að hlutafélagið Bjarni Ó. Pálsson hefði ekki verið tekið til gjaldþrotaskipta, eftir því sem hann best vissi, en erfitt reynt að afla upplýsinga um stöðu félagsins, þar sem skattframtölum síðustu ára hefði ekki verið skilað. Þá gat Páll þess, að þrotamaður hefði haft samband við sig í byrjun ágúst og sagst ætla austur á land að sækja persónulega muni sína, sem þar væru í geymslu. Honum hefði verið gerð grein fyrir því, hvað fælist í hugtakinu persónulegir munir. Úlfar Jónsson lögreglumaður hefði síðan hringt til sín í byrjun september og tjáð sér, að Bjarni væri kominn þangað austur til að ná í eitthvað. Hafi þeir þá verið staddir við Kröfluhúsið og hringt úr síma lögreglubílsins. Hann hafi sagt við Úlfar, að Bjarni mætti taka persónulega muni, en annað ekki. Samtalið hafi einkum snúist um gám utan við húsið, sem komið hafi í ljós, að væri í eigu hlutafélagsins Bjarna Ó. Pálssonar. Að þeim upplýsingum fengnum hafi hann veitt heimild til þess, að fjarlægja mætti gáminn. Hann hafi ekki gefið nein sérstök fyrirmæli um það, hvernig þeir ættu að haga gerðum sínum, enda hafði hann áður beðið lögreglu að hafa gætur á húsinu og talið það fullnægjandi. Hann kannast við, að Úlfar Jónsson hafi haft samband við sig símileiðis 3. september í því skyni að kanna, hvort Bjarni mætti taka persónulega muni sína úr húsinu. Þá hafi að hans mati ekki legið fyrir, hvenær Bjarni kæmi austur þessara erinda. Hann hafi fyrst vitað um brotthvarf umræddra muna úr húsinu, þegar honum barst bréf Leós Löve, sem dagsett er 9. september. Hvorki lögregla né sýslufulltrúi hafi tilkynnt sér þetta. Hann kvaðst hafa sent RLR kærubréf og aðdragandi kærunnar verið sá, að hann hafi farið austur í kjölfar þessa atburðar. Hafi hann þar hitt stefnanda að máli og sagt henni, að hún skyldi senda kæru til fulltrúa sýslumanns, en hún

ekki viljað það. Í þessari ferð hafi hann skoðað húsið, sem virst hafi í þokkalegu ástandi, a. m. k. ekki fúíð. Þar hafi hann séð á gólfi dagblöð þriggja til fjögurra ára gömul. Hann teldi skýrslu Úlfars Jónssonar um atburðarásina rétta í aðalatriðum. Hann hafi gert sér ferð í Meðalland 26. september til að skoða innihald gámsins, sem þar var. Gámurinn hafi verið hálffullur af spýtnarusli, líklega afgangum af byggingarefni. Í tilefni þessa atburðar hafi hann kvatt Bjarna á sinn fund og einnig haft samband við Hávarð bónda að Fljótakróki, fylgdarmann Bjarna í austurferðinni. Bjarni hafi neitað því staðfastlega að hafa fjarlægt nokkuð úr húsinu utan persónulega muni. Hávarður kvaðst ekki vita til þess, að nokkuð annað en gámurinn hefði verið tekið í austurferðinni. Þá upplýsti Páll, að einhver geymsluskúr austur í Skaftártungu væri í eigu þrotabús Bjarna Ó. Pálssonar, en væri yfirveðsettur, og hygðist hann gefa veðhöfum kost á að leysa hann til sín. Ekki væri um aðrar eignir að ræða í þrotabúinu.

Vitnið Úlfar Jónsson staðfesti lögregluskýrslu sína, sem liggur frammi í málinu. Hann upplýsti, að Páll Skúlason hefði aldrei haft samband við sig að fyrra bragði vegna svonefnds Kröfluhúss. Hann hefði fyrst hringt í Pál 3. september á síðastliðnu ári vegna símtals Bjarna sama dag. Bjarni hefði þá sagst vera gjaldþrota og Páll verið skipaður skiptastjóri í þrotabúi sínu. Kvaðst Bjarni vera á leiðinni austur í því skyni að sækja gám, sem væri við Kröfluhús, og hefði hann óskað eftir því við sig, að hann setti sig í samband við Pál og fengi þetta staðfest. Páll hefði sagt þetta allt satt og rétt. Síðan hefði Bjarni komið á lögreglustöðina eftir hádegi 5. september, sem hann geri jafnan, þegar hann eigi ferð þar um, og beðið sig að koma með sér að umræddu húsi. Þegar á staðinn kom, var húsið opið og maður þar fyrir, sem hann kannaðist ekki við, en var kynntur sér sem Hávarður. Hann hefði ekki farið inn í húsið, en séð þó, að þá hafði ekkert verið tekið. Oddbjörg hefði hringt til sín þar á staðnum og haft miklar áhyggjur af veru Bjarna þar. Hefði hún gert athugasemdir við það, að gámurinn yrði tekinn, þar sem hann væri í eigu hlutafélags, sem hún væri jafnframt eigandi að. Hefði hann því sett sig í samband við Pál, sem hefði ekki gert athugasemdir við það, að gámurinn yrði tekinn. Vitnið kvaðst hafa verið þeirrar skoðunar, að erindi Bjarna væri það eitt að sækja gáminn og e. t. v. einhverja persónulega muni, sem hann ætti í húsinu, um annað hefði ekki verið rætt. Páll hefði tekið það skýrt fram, að Bjarni mætti ekki taka húsið. Hann kvaðst ekki hafa litið svo á, að hann væri þar á staðnum í hlutverki lögreglu, heldur að beiðni Bjarna. Hefði hann síðan orðið að hverfa á braut að sinna öðrum verkefnum. Vitnið kannaðist ekki við, að Páll hefði óskað eftir gæslu hússins, hvorki við lögreglu né sýslufulltrúa. Hann staðfesti, að Bjarni hefði

hringt til sín daginn eftir á leið sinni suður og þá lagt á það áherslu, að stefnandi væri með lykla að húsinu. Nokkru síðar hefði Bjarni enn hringt og sagst vera vændur um að hafa tekið muni úr húsinu. Hefði hann þá aftur bent á, að stefnandi væri með lykla að húsinu. Ekki vissi vitnið frekar um tilefni þessarar hringingar, en taldi sennilegt, að Bjarni hefði verið að kanna viðhorf sitt til málsins. Vitnið taldi ólíklegt, að öðrum en Bjarna væri til að dreifa við brotthvarf umræddra muna, með tilliti til þess, að stefnandi hefði haft gætur á húsinu og hún séð vörubílinn fyrir utan það að morgni næsta dags, þ. e. daginn eftir að vitnið var þar. Síðan hafi hún farið á staðinn og séð, hvað gerst hafði. Hann taldi engar líkur til þess, að lögreglan hefði getað vaktað húsið allan sólarhringinn, en benti á, að stefnandi hefði fylgst vel með húsinu, sem blasi við frá heimili hennar. Hann hefði ekki talið hættu á því, að farið yrði í húsið og munir fjarlægðir. Hann upplýsti, að Bjarni hefði beðið lögreglu að geyma lykil að umræddum gámi, og hefði hann verið í varðveislu hennar, allt þar til Bjarni kom austur. Sérstaklega spurður kvað hann sig ekki hafa haft minnstu ástæðu til að ætla, að Bjarni tæki umrædda muni úr húsinu, með sérstöku tilliti til þess, hvernig hann kom fram í málinu, þ. e. beðið sig að hafa samband við skiptastjóra og síðan óskað eftir því, að hann kæmi á staðinn.

Álit dómsins.

I.

Krafa stefnanda á hendur Vátryggingafélagi Íslands hf. (VÍS).

Eins og áður er lýst, reisir stefnandi kröfu sína á hendur meðstefnda, VÍS, á þeirri forsendu, að stefndi Páll hafi keypt starfsábyrgðartryggingu hjá félaginu skv. 2. mgr. 7. gr. laga nr. 61/1942. Tilvitnuð lagagrein geri starfandi lögmönnum skylt að kaupa slíka tryggingu, og af því hljóti að leiða, að tryggingafélag hvers lögmanns eigi beina aðild að máli, sem snertir tryggingu hans, sbr. 91. gr. vátryggingasamningalaga (vsl.) nr. 20/1954. Samkvæmt því beri meðstefndi, VÍS hf., ábyrgð á tjóni stefnanda óskipt með stefnda Páli.

Stefndi, VÍS, vísar til 95. gr. vsl. til stuðnings sýknukröfu. Í þeirri lagagrein er mælt svo fyrir, að tjónþoli öðlist rétt tryggingartaka, þegar skaðabótaskylda hefur verið staðreynd.

Í máli því, sem hér er til meðferðar, er tekist á um skaðabótaskyldu stefnda Páls. Samkvæmt orðalagi 95. gr. getur stefnandi ekki átt beinan aðgang að stefnda VÍS til lúkingar kröfu sinni, fyrr en staðfest hefur verið með dómi, hvort og í hvaða mæli stefndi Páll beri ábyrgð á tjóni stefnanda með saknæmum og ólögætum hætti, sbr. 4. mgr. 77. gr. laga nr. 21/1991.

Því var ekki tímabært af stefnanda að draga stefnda VÍS til varna í málinu, og ber því að fallast á sýknukröfu félagsins.

II.

Krafa stefnanda á hendur stefnda Páli Skúlasyni.

Sannað þykir með vísan til framburðar vitnisins Úlfars Jónssonar og af öðrum gögnum málsins, að þrotamaðurinn Bjarni Óskar Pálsson hafi numið brott úr svonefndu Kröfluhúsi ýmislegt af innréttingum og búnaði, sem féll undir veðrétt stefnanda, í ferð sinni austur á Fljótsdalshérað 5. og 6. september 1996. Þarf því að taka afstöðu til þess, hvort stefndi Páll hafi í starfi sínu sem skiptastjóri bakað sér skaðabótaábyrgð með saknæmum og ólögmætum hætti gagnvart stefnanda og tjón hennar sé sennileg afleiðing af háttsemi hans.

Stefndi Páll viðurkennir að hafa átt símtal við stefnanda í júlímánuði og hún þá lýst áhyggjum sínum af því, að Bjarni Óskar Pálsson hafði boðað komu sína í því skyni að sækja umrætt hús. Honum var því kunnugt um, að stefnandi teldi hættu á því, að þrotamaður hygðist hafa afskipti af þessari eign þrotabúsins. Stefndi Páll hefur haldið því fram, að hann hafi óskað eftir því við Helga Jensson, fulltrúa sýslumanns þar eystra og lögreglu á Egilsstöðum, að Kröfluhúss yrði gætt með tilliti til hugsanlegra spjalla, sem þrotamaður kynni að valda á eigninni. Ekkert er að finna í gögnum málsins, sem styður þessa staðhæfingu hans.

Við mat á sök stefnda Páls hvílir meginþunginn á því, hvort hann hafi brugðist rétt við, þegar honum var ljóst, að Bjarni Ó. Pálsson var kominn austur á Hérað þeirra erinda að sækja persónulega muni og gám þann, sem stóð utan við Kröfluhúsið, og hvort hann hafi viðhaft nægilega aðgæslu í starfi sínu sem skiptastjóri, þegar atburðir þeir urðu, sem hér er fjallað um, og átt þess kost að koma í veg fyrir það tjón, sem stefnandi varð fyrir, með viðeigandi ráðstöfunum. Einnig verður að líta til þess, hvort stefndi Páll mátti ætla, að Bjarni Ó. Pálsson ynni þau spjöll á Kröfluhúsi, sem raun varð.

Sannað þykir í málinu, að Bjarni Óskar hafi lýst yfir því við Úlfar Jónsson og stefnda Pál, að tilgangur ferðar sinnar austur á land væri sá einn að sækja gám og persónulega muni sína, sem geymdir væru í Kröfluhúsi.

Stefnda Páli var kunnugt um það, að Úlfar Jónsson lögreglumaður var á vettvangi samtímis Bjarna Ó. Pálssyni, og símtal þeirra, sem áður er lýst, gaf honum tilefni til að ætla, að hafðar yrðu gætur á þrotamanni og húsinu, meðan hann stóð þar við. Í því samtali var jafnframt áréttað, hvaða muni þrotamaður mætti taka þaðan.

Framganga Bjarna þrotamanns þykir og hafa gefið öllum aðilum tilefni til að slaka á árvekni gagnvart honum, sé það virt, að hann óskaði sérstaklega eftir því, að haft væri samband við Pál skiptastjóra og honum tilkynnt um, hvað til stæði, og leitað eftir staðfestingu hans á því, að sér væri heimilt að fara að umræddu húsi og taka áður nefnda muni. Hann fór þess jafnframt á leit við Úlfar Jónsson lögreglumann, að hann færi með sér á staðinn, væntanlega til eftirlits með því, að annað yrði ekki tekið en heimild var til. Úlfar lýsti yfir því hér fyrir dómi, að hann hefði enga ástæðu haft til að ætla, að hætta væri á því, að Bjarni Ó. Pálsson tæki annað en honum hefði verið veitt heimild til, og sjálfur hefði hann alls ekki rennt grun í, að hann myndi fjarlægja innréttingar hússins.

Stefndi Páll átti þess engan kost að fylgjast með framvindu mála, enda á fjarlægju landshorni. Hann hafði enga vitneskju um það, að lögreglan hefði horfið á braut og ekkert eftirlit haft með þrotamanni, eins og áður segir, né heldur gat hann vitað, að viðdvöl þrotamanns á staðnum stóð yfir á annan sólarhring.

Í lögregluskýrslu, sem tekin var af stefnanda í septembermánuði 1996 í tilefni þessa atburðar, kemur fram, að hún hafi séð ljós á vörubíl um miðnætti 5. september og vörubíllinn verið við húsið morguninn eftir. Stefnanda var kunnugt um, að Bjarni Ó. Pálsson hafði aðeins heimild til að taka persónulega muni. Hin langa viðdvöl hans á staðnum hefði átt að vekja með henni grun um, að ekki væri allt með felldu, og vera henni tilefni til að hafa samband við lögreglu. Hún hlaut að vita, að stefndi Páll var ekki í aðstöðu til að fylgjast með framvindu mála og grípa inn í atburðarásina, ef tilefni væri til.

Það er því álit dómsins, að stefndi Páll hafi viðhaft þá aðgæslu, sem hægt er að ætlast til, að góður og gegn skiptastjóri sýni, með tilliti til aðstæðna, eins og þær horfðu við honum. Því ber að sýkna hann af kröfu stefnanda.

Rétt þykir, eins og mál þetta er vaxið, að málskostnaður falli niður, að því er alla málsaðila varðar.

Skúli J. Pálmason héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Páll Skúlason og Vátryggingafélag Íslands, skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, Oddbjargar Sigfúsdóttur.

Málskostnaður fellur niður.